



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

18
05 20
22

Eva stjórnar Shostakovítsj



Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Sinfónía: 45'

Tónleikunum er sjónvarpað beint á RÚV og útvarpað á Rás 1.

Uptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl



KVÍKA
Eignastýring

18|05

MÍÐVIKUDAGUR
KL. 20:00

GRÆNA RÖÐIN

Eva stjórnar Shostakovítsj

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
kynnir

Efnisskrá

Dmítríj Shostakovítsj

Sinfónía nr. 5 í d-moll, op. 47 (1937)

Moderato – Allegro non troppo

Allegretto

Largo

Allegro non troppo

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:

en.sinfonia.is



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 snéri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmoníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Meðal verkefna hennar á næsta starfsári eru tvennir tónleikar með Fílharmoníusveit Los Angeles í Hollywood Bowl og Walt Disney Hall.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóra-akademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni.

Á næsta starfsári mun Eva meðal annars þreyta frumraun sína með BBC-sinfóníuhljómsveitinni á PROMS í Lundúnum, þar sem hún stjórnar heimsfrumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA. Þá mun hún einnig stjórna Fílharmoníusveit Los Angeles í fyrsta sinn á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl og í Walt Disney Hall, og koma fram með Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins BBC á Festival Printemps des Arts í Monte Carlo.



Dmítríj Shostakovítsj

SINFÓNÍA NR. 5

Dmítríj Shostakovítsj (1906–1975) stóð á þrítugu þegar hann samdi fimmtu sífóníu sína. Hann hafði þá þroskast frá því að vera undrabarn á píanó yfir í að skipa sess sem eitt fremsta tónskáld Sovétríkjanna. Á unglingsárum stundaði hann tónsmíðanám við Tónlistarháskólann í Pétursborg og vakti athygli fyrir fágætt tónminni og frumlegar tónsmíðar. Hann reyndi sig þegar í upphafi ferils síns við verk í stóru formi; útskriftarverk hans frá háskólanum var sífónía, sú fyrsta af fimmtán, sem var frumflutt 1926 og hlaut góðar viðtökur bæði heima og heiman.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í þrettánda sinn sem fimmta sífónía Shostakovítsj hljómar í meðförum Sífóníu- hljómsveitar Íslands. Hún var fyrst flutt í Háskólabíói 1970 undir stjórn Bohdans Wodiczko og tveimur árum síðar stýrði André Previn verkinu í Laugardalshöll. Sí hefur leikið sífóníuna þrívégis í Eldborg, undir stjórn Vladímirs Ashkenazy (2011), Yans Pascals Tortelier (2017) og Karinu Canellakis (2019), og Ungsveit Sí tókst á við verkið haustið 2018 undir stjórn Daniels Raískin.

Þriðji áratugur tuttugustu aldar var tími mikillar deiglu, ekki einungis í þjóðfélagsmálum þar sem skipulag og hugmyndafræði Sovétríkjanna var að mótast, heldur einnig í heimi lista. Kvikmyndir ruddu sér til rúms og gróska var í alls kyns sviðslistum. Þessi listform buðu ekki einvörðungu upp á atvinnutækifæri fyrir tónlistarmenn — Shostakovítsj sá sér farborða um tíma með því að leika undir þöglum kvikmyndum — þau voru líka, þegar best lét, spennandi vettvangur nýsköpunar.

Shostakovítsj var mikill áhugamaður um leikhús og veikur fyrir satíru og gróteskum húmor. Áhugi hans spannaði allt frá sirkus-sýningum og kabarettum yfir í ballett, dramatísk leikrit og óperur, og á árunum eftir að hann lauk námi fékk hann ýmis tækifæri til þess að vinna í leikhúsi. Hann vann t.d. með leikhópi verk-smiðjufólks í Leníngrad, samdi tónlist við umdeilt leikrit Vladímírs Majakovskíj, *Veggjalúsina*, sem sett var upp í hinu framsækna Mejerholdleikhúsi í Moskvu 1929, auk þess að semja ballettana *Gullöldina* og *Skrúfunu* sem sýndir voru í Leníngrad 1930 og 1931. En tónsköpun og liststarfsemi var ekki án vandkvæða í hinum ungu Sovétríkjum. Á sama tíma og gerðar voru ríkar kröfur um að listina þyrfti að endurnýja svo hún hjakkaði ekki í gömlu fari borgaralegra viðmiða, ríkti tortryggni gagnvart hvers kyns framúrstefnu og sömuleiðis var eftirlitsnefndum ríkisins í menningarmálum gjarnt að líta á það sem úrkyrnun ef „léttmeti“ eins og sígaunalög, dansmúsík eða djass var borið á borð fyrir alþýðuna.

Það var því jafnvægislist að tryggja nýjum verkum brautargengi eins og Shostakovítsj fékk að reyna þegar hann tók að hasla sér völl sem óperutónskáld — en það var listform sem höfðaði mjög

til hans. Fyrsta ópera hans sem komst á fjalirnar var *Nefið*, eftir smásögu Nikolajs Gogol, en hún var grimmilega gagnrýnd fyrir að vera óaðgengileg og hugmyndafræðilega varhugaverð. Mun betur gekk — fyrst um sinn — með þá næstu, *Lafði Makbeð frá Mtsensk*. Hún er byggð á sögu eftir Nikolaj Léskov og fjallar um unga og ófullnægða kaupmannsfrú, Katerínu Izmajlovu, sem leiðist út á braut morða með ástmanni sínum. Shostakovítsj hóf að semja óperuna haustið 1930 og hún var frumsýnd, svo að segja samtímis í Leníngrad og Moskvu, í janúar 1934. Andstætt því sem gerðist með *Nefið*, var þessari nýju óperu vel tekið; hún gekk misserum saman í leikhúsunum, var send út í útvarpi og hróður hennar barst einnig út fyrir landsteinana. Í árslok 1935 tók sjálf Bolshoj-leikhúsið í Moskvu óperuna til sýninga en mánuði síðar varð sá atburður sem öllu breytti fyrir hið unga tónskáld: Jósef Stalín ákvað að kynna sér verkið og kom á sýningu. Það boðaði ekki gott þegar leiðtoginn yfirgaf stúku sína áður en sýningin var úti og tveimur dögum síðar féll Stóridómur í *Prövdu*, málgagni Kommúnistaflokks Sovétríkjanna: *Óreiða en ekki músík*, en sú var yfirskrift leiðara þar sem óperan var rökkuð niður. Tónskáldið var sakað um að daðra við úrkynjaðan smekk „formalista“ í stað þess að semja heilnæma tónlist sem hæfði hinum vinnandi stéttum, og það varað við því að þessi leikur að eldinum kynni að enda illa. Hótunin var augljós — á næstu árum náðu hreinsanir Stalíns hámarki.

Shostakovítsj var um þessar mundir að vinna að fjórðu sinfóníu sinni. Hann lauk henni og frumflutningur hennar var fyrirhugaður í Leníngrad í desember 1936. En áður en til hans kom dró tónskáldið sinfóníuna til baka, að líkindum nauðugt, og hún var ekki frumflutt fyrr en 1961. Um tveggja ára skeið heyrðist engin ný tónsmíð frá Shostakovítsj en 21. nóvember 1937 var komið að frumflutningi fimmtu sinfóníunnar og með henni leysti tónskáldið höfuð sitt. Verkinu var firna vel tekið — svo vel að velunnarar Shostakovítsj óttuðust jafnvel að hann yrði látinn gjalda þess. Það varð þó ekki; sinfónían var samþykkt af valdhöfum sem mikilvægt framlag til sovéskrar sósíalrealískrar listar og ferli Shostakovítsj var borgið — um sinn.

Fimmta sinfónían varð til við þrúgandi kringumstæður en því fer fjarri að tónskáldið hafi við samingu hennar einfaldlega „málað eftir númerum“ til þess að friða valdhafana. Þótt í verkinu sé farið varlegar í tilraunir með hina sinfónísku arfleifð og form en til að mynda er raunin í fjórðu sinfóníunni, vinnur hið þrituga tónskáld á eftirminnilegan hátt úr reynslu sinni og músikölskum áhrifavöldum. Sinfónían býr yfir í senn yfir trega, taugaspennu og gáska en þegar við hlustum er einnig gott að hafa í huga hve handgenginn Shostakovítsj var satíru leikhússins og gróteskum aðferðum þess.

Svanhildur Óskarsdóttir

Á DÖFINNI

03|06

FÖSTUDAGUR
KL. 19:30

04|06

LAUGARDAGUR
KL. 17:00



Barbara Hannigan á Listahátíð í Reykjavík

Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan kemur nú í fyrsta sinn til Íslands og er víst að tónleikar þessarar frábæru tónlistarkonu verða stórvíðburður í tónlistarlífinu. Barbara Hannigan stjórnar og syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tvennum tónleikum í Eldborg í Hörpu á opunarhelgi Listahátíðar í Reykjavík í vor. Á efnisskrá tónleikanna hefur Barbara Hannigan valið fjölbreytt úrval verka frá fyrstu áratugum 20. aldar, allt frá heillandi síðrómantík yfir í hressilega sveiflu Broadway-söngleikja. Sýrpa með eftirlætislögum úr söngleikjum George Gershwin hefur farið sigurför um heiminn eftir að Hannigan söng hana inn á plötu árið 2018. Svítan úr Lulu sýnir aðra hlið á þessari glæsilegu söngkonu, en hún hefur vakið heimsathygli fyrir túlkun sína á söguhetjunn í óperunni Lulu eftir Alban Berg.

10|06

FÖSTUDAGUR
KL. 19:30



Marianna spilar Grieg

Píanókonsert Griegs er einn vinsælasti konsert rómantíska skeiðsins, enda hrífandi blanda af glæsilegum tilþrifum einleikarans, djúpri tjáningu og léttum blæ norskra þjóðlaga. Armensk-danski píanóleikarinn Marianna Shirinyan hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir innblásinn leik, meðal annars verðlaun danskra gagnrýnenda og sérstök menningarverðlaun DR, danska útvarpsins. Hún hefur um árabíl setið í dómnefnd Grieg-keppninnar í Bergen auk þess sem hún er prófessor í píanóleik við Tónlistarháskólann í Ósló, og veit því upp á hárvæðing á að túlka tónlist norska meistarans. Á tónleikunum hljómar einnig íslensk leikhús- og balletttónlist eftir tvö leiðandi íslensk tónskáld 20. aldar, Pál Ísólffsson og Jórúnni Viðar.



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Himnesk matarupplifun
www.konsulatdiningroom.is



Notalegt, ferskt og fallett
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is



Heil símfónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

V O X
RESTAURANT

GEIRI
SMART
RESTAURANT

satt

KONSÚLAT
DINING ROOM

SLIPPBARINN

18 05 20 22 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir,
konsertmeistari
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Pétur Björnsson
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Andrzej Kleina
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Justyna Bidler
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Raphaëlle Moreau
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir
Łucja Koczot
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Margrét Theódóra Hjaltested

Selló

Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Guðný Jónasdóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins

Klarínett

Arrgunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Louisa Slosar
Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Simen Fegran

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Itai Agmon

Harpa

Katie Buckley
Elísabet Waage

Píanó

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*
Kornilios Michalidis *staðarhljómsveitarstjóri*
Daníel Bjarnason *listamaður í samstarfi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Víkíngur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Halla Oddný Magnúsdóttir *listrænn ráðgjafi*
Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Inga María Leifsdóttir *markaðs- og kynningarfulltrúi*
Dagrún Hálfðánardóttir *mannauðsstjóri*
Svanhvit Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*
Kristín Björg Björnsdóttir *skjala- og skrifstofufulltrúi*
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*
Hrafnhildur Árnadóttir *Hafstað umsjónarmaður nótna*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*
Björk Björgúlfssdóttir *sviðsmaður*

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring



Listahátíð í Reykjavík

Barbara Hannigan

Syngjandi hljómsveitarstjórinn



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

→ Eldborg
3. & 4. júní